



Stúdentaráðsfundur

40. fundur

8. September 2015

K-106

Fundaritari: Berglind Ósk Guðmundsdóttir

Fundur settur: 16:00

Mættir: Birgir Marteinson, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Rannveig Lára Sigurbjörnsdóttir, Helga Margrét Jóhannesdóttir, Andri Dan Traustason, Friðrik Már Ævarsson, Hrefna Hlín Sigurðardóttir,

Fjarverandi: Unnur Inga Kristinsdóttir.

Dagskrá 40. fundar stúdentaráðs

1. Samþykkt fundargerð 39. Stúdentaráðsfundar.
2. Skráningar í aðildarfélög.
3. Viðburðir framundan. Dagskrá skólaársins.
4. Fulltrúar í nefndir og ráð.
5. Vinnufundur fulltrúa í nefndum, stórnum og ráðum.
6. Instagram og snapchatplan.
7. Önnur mál.

1. Samþykkt fundargerð 39. Stúdentaráðsfundar.

Fundargerð samþykkt og undirrituð.

Stúdentaráðsritun

40. fundur 8. September 2015

Síða 1 af 4



2. Skráningar í aðildarfélög.

Rannveig hafði sent fyrir fund nýjustu tölur úr skráningunni á alla formenn. Þá voru 590 búnir að skrá sig í aðildarfélög alls. Skráningu er „lokið“ 15. September og mikilvægt að allir skrái sig til að forðast óþarfa kostnað.

3. Viðburðir framundan. Dagskrá skólaársins.

Hvatt var til þess að halda vísindaferð bráðlega fyrir allan skólann eða nokkrar deildir saman. Birgir fór stuttlega yfir samninga sem fjármálafulltrúi og formaður hafa unnið ötullega að síðustu vikur sem henta vel öllum félagsmönnum í vísindaferðum t.d.. Nýjasta ‚updeit‘ af sprellmóttinu komið frá formanni félags- og menningarlífsnefndar, rædd voru áform um góðgerðarviku FSHA/HA ásamt því að Birgir sagði örlítið frá geðrækt og áformum FSHA að bæta skólamóral og nýta betur aðstöðu nemenda í skólanum.

Félögin gera svo drög að dagskrá skólaársins 2015-2016 og senda á fsha@fsha.is. Allir aðilar í stúdentaráði hvattir til að mæta á fund jafnréttisráðs 11. September kl 10:00 í K-105 til að ræða Kynjadaginn.

4. Fulltrúar í nefndir og ráð.

Formenn voru beðnir um að fara yfir hverjir fulltrúar væru fyrir sitt félag í fastanefndunum og koma upplýsingum áleiðis á skrifstofu FSHA fyrir heimasíðu FSHA.

5. Vinnufundur fulltrúa í nefndum, stórnum og ráðum.

Stefnt er á vinnufund í október, dagsetning auglýst síðar. Áætlun fyrir veturinn og góður staður fyrir fulltrúa til að segja frá starfi sínu í nefndum/ráðum/stjórnnum. Stefnt að því að gera eitthvað skemmtilegt og hressandi fyrir hópinn eftir fundinn.

6. Instagram og snapchatplan.

Hugmynd að hafa opið snapchat fyrir alla stúdentana, en til þess að hafa aðgang þar sem allir gætu sent snap inn þyrftum við að hafa aðgang að server sem við höfum ekki en framkvæmdarstjórn ætlar þó að reyna að ræða við rektor til að kanna alla möguleika. Annars verður hægt að hafa snapchat aðgang þar sem stúdentaráð deilir aðgangi og lykilorði, instagramplanið yrði þá að hver formaður/félag tæki við instagram og heldur því virku í viku í senn og skiptir svo yfir til næsta formanns/félags. Þannig getum við virkjað instagram og allir taka þátt!



7. Önnur mál.

Allir formenn þurfa að vera í Nova til að virkja Nova samning.

Næsti stúdentaráðsfundur mánudaginn 21. September kl. 16:00 (með fyrirvara um breytingar).

Crossfit hamar býður stúdentaráði ómótstæðilegt tilboð og flottan afslátt fyrir alla stúdentu. Stúdentaráð í kjólinn fyrir jólin!

Hringt var frá SBA upp á skrifstofu FSHA vegna Kalda vísindaferðarinnar, greiða þarf reikninginn sem fyrst.

Fundi slitið kl. 16:55



Undirskrift fundargesta

Birgir Marteinsonn

Formaður FSHA

Berglind Ósk Guðmundsdóttir

Varaformaður FSHA

Rannveig Lára Sigurbjörnsdóttir

Fjármálastjóri FSHA

Helga Margrét Jóhannesdóttir

Formaður Eirar

Friðrik Már Ævarsson

Formaður Kumpána

Unnur Inga Kristinsdóttir

Forseti Stafnbúa

Hrefna Hlín Sigurðardóttir

Formaður Magister

Axel Trausti Gunnarsson

Formaður Þemis

Andri Dan Traustason

Formaður Reka